

Yfirlit

68

yfir fjárhag sýsluvegasjóðanna í norður- og austur-umdæminu árið 1881.

[Framhald frá fyrra tölublaði].

Nr.	Gjöld.	Kr. A.
3. Eyjafjardarsýsla:		
Vegabótakostnaður	1137 30	
Eign til næsta árs	56 84	1194 14
4. Suðurþingeyjarsýsla:		
Vegabótakostnaður	516 30	
Eign til næsta árs	592 5	1108 35
5. Norðurþingeyjarsýsla:		
Vegabótakostnaður	479 6	
Eign til næsta árs	177 28	656 34
6. Norðurmúlasýsla:		
Vegabótakostnaður	1038 45	
Eign til næsta árs	822 76 1/4	1861 21 1/4
7. Suðurmúlasýsla:		
Skuld frá fyrra ári	1200 »	
Vegabótakostnaður	756 4	
Annar kostnaður	48 »	
Eign til næsta árs	477 96	2482 »

Skrifstofu norður- og austuramtsins 2. janúar 1883.

J. Havsteen
settur.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjafir frá útlöndum til 69
bágstaddra Íslendinga. — Það skal hjermeð tjáð yður, herra landshöfðingi, til þókn-11. apríl.
anlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að ráðgjafinn hefur í dag beidd þess, að veitt
verði móttaka í ríkisfjárhirzluna gegn útborgun sömu upphæðar úr jarðabókarsjóði 300
krónum og 3,066 kr. 97 a. eða alls 3366 kr. 97 a.; hin fyrnefnda upphæð er, einsog
þóknanlega má sjá af hjálögðu útdráttareptirriti af skýrslu hins danska verzlunarfulltrúa
í Amsterdam, gjöf frá prestinum Vermeer í Zwolle í Hollandi til bágstaddra á Íslandi,
en hin síðarnefnda upphæð er fje það, sem safnast hefur í sama tilgangi meðal þjóðskóla-
lærisveina í Svíþjóð, og sem þjer, herra landshöfðingi, hafið afhent ráðgjafanum.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um borgun handa fulltrúa 70
stjórnarinnar á alþingi 1885 — Samkvæmt allraþegnlegustum tillögum ráðgjafans hefur 22. maí.
hans hátign konunginum 15. p. m. allramila-⁷ gast þóknast að fallast á, að útgjöldin til
fulltrúa stjórnarinnar á hinni reglulegu samkomu alþingis 1885 skuli vera 2000 kr.

Þetta er eigi látið hjá líða hjermeð þjónustusamlega að tjá yður, herra
landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og svo að þjer birtið það í B-deild stjórnar-
tíðindanna.

Brjef landshöfðingja til Svend Foyn um skilyrðin fyrir því að mega reka 71
19. dag júlímánaðar 1883.

24. maí.

71 fiskiveiðar í landhelgi. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu í dag, hafið þjer spurst fyrir 24. maí. um það,

- 1, hvort eigi nægi, til þess að þjer verðið álitinn hafa rjett til að reka fiskiveiðar í landhelgi við Ísland, að þjer byggðið hús og setjzt að hjer í landi, þannig að þjer alltaf stöðugt árið um kring haldið hjer dúk og disk, án tillits til þess hvort þjer getið ávallt verið staddur hjer sjálfur eða ekki.
- 2, hvort maður, sem er búsettur á Íslandi, og sem þar rekur fiskiveiðar á eigin kostnað, hafi eigi, samkvæmt landsyfjrrjettardómi, er upp kveðinn var fyrir skömmu, rjett til að nota útlend skip til veiðanna.

Í tilefni af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður það, sem hjer fer eptir.

ad 1. Við þessari spurningu ber að kveða já.

ad 2. Rjettur sá, sem minnzt er á, er að vísu viðurkenndur af hinum konunglega íslenska landsyfjrrjetti í dómi, sem hann hefur upp kveðið fyrir skömmu, en með því að enn eigi er tekin ákvörðun um það, hvort skjóta skuli dómi þessum til hæstarjettar, verður eigi álitnið, að með honum sje til fullnaðar leyst úr spurningu þeirri, er þjer hafið borið upp.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um að 72 brýnt skuli fyrir lögreglustjórum að vaka yfir því, að lögunum um fiskiveiðar í 31. maí. landhelgi sje hlýtt. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 27. marz. þ. á, hafið þjer, herra amtmaður, skotið því til mín, hvort ekki muni ástæða til að koma því til leiðar, að konunglegur kommissarius verði útnefndur, sem falið yrði lögregluvald og dómsvald í öllum þeim málum, er snerta brot gegn lögum þeim, sem gilda um fiskiveiðar í landhelgi.

Útaf þessu læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, að jeg að vísu er yðursamdóma um, að miklir erfiðleikar sjeu á því að geta framfylgt tilhlýðilega hinum umgetnu lagaákvörðunum, en samt sem áður finn jeg ekki að svo komnu næga ástæðu til að hlutast til um, að gjörðar verði sjerstakar ráðstafanir í þessu tilliti, en bið yður að brýna fyrir hinum reglulegu lögreglustjórum, að þeim beri, hverjum í sínu lögsagnarumdæmi, af fremsta megni að vaka yfir því, að lögunum um fiskiveiðar í landhelgi, einsog hverjum öðrum gildandi lögum, sje hlýtt.

73 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um heimild til að sættast á þrætur um landamerki þjóðjarða. — Í þóknanlegu brjefi yðar, 31. maí. herra amtmaður, dags. 10. þ. m., hafið þjer spurst fyrir um það, hvort skilja beri svo fyrirmælin í brjefi landshöfðingja 28. júlí f. á. (Stjórnart. B. 167) i. f., að amtið eða umboðsmaður hafi heimild til að sættast á þrætur um landamerki þjóðjarða, sem kynnu að koma fram við samningu merkjalýsinga samkvæmt hinum nýju landamerkjälögum, parsem ágreiningsefnið eigi þætti þess vert, að höfðað væri mál útaf því, þannig að umboðsmaður í hvert skipti legði málið undir úrskurð amtsins.

Útaf þessu skal jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að þar sem eiginleg þræta eða ágreiningur verður um landamerki þjóðjarða og annara jarða, býst jeg við að þjer leggið málið undir úrskurð minn með ítarlegum tillögum yðar, eða þá, ef ágreiningsefnið eigi varðar miklu, sættizt á málið að áskildu samþykki mínu eptir á.

74
31. maí.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um ný